

From: [Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir](#)
Cc: [Rakel Magnúsdóttir](#)
Subject: Boð um þátttöku á raddir ungs fólks
Date: fimmtudagur, 26. mars 2026 09:14:29
Attachments: [Outlook-pusso02e.png](#)
[Ungmennaráð 2026 fundir um allt land Suðurland \(1\).png](#)

Góðan dag

Berist til; Sveitastjóra/sveitarstjórna og ungmennaráða sveitarfélagsins.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa póst.

Samtal við ungt fólk á Suðurlandi

Svæðisbundinn samráðsfundur verður haldinn á Suðurlandi þann 24. apríl 2026 kl. 13:00- 15:00 í sal Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Markmið fundarins er að búa til opinn og skipulagðan vettvang fyrir ungt fólk á aldrinum 15-25 ára og veita þeim sem sækja fundinn tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum, reynslu og hugmyndum á framfæri við ráðafólk í íþrótt- og æskulýðsstarfi ásamt fulltrúum sveitarfélaga.

Fundurinn er hluti af landsverkefni UMFÍ, ÍSÍ, Svæðisstöðva íþróttahéraðanna og Ungmennaráði UMFÍ og miðar að því að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks en sporna líka gegn brottfalli úr skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Fyrirkomulag, tími og staðsetning

Fundurinn er leiddur af Ólafi Stefánssyni fyrrum landsliðsfyrirliða í handknattleik, heimspeking og meistaranema í íþróttasálfræði, fulltrúum Ungmennaráðs UMFÍ, svæðisfulltrúum, UMFÍ og ÍSÍ. Um er að ræða samráðsfund þar sem áhersla er lögð á hlustun, samtal og gagnkvæman skilning.

Í viðhengi er auglýsing og kóði fyrir skráningu. Einnig er hægt að senda staðfestingu á þátttöku á netfangið hansina@isi.is fyrir 20. apríl 2026.

<https://forms.gle/C8cgYYRuYKtzTVuo7>

Með von um jákvæð viðbrögð og góða þátttöku,

Bestu kveðjur,
Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir

Svæðisfulltrúi á Suðurlandi
Sími: (+354 866-5176)

SVÆÐISSTÖÐVAR
ÍPRÓTTAHERAÐA

SUÐURLAND

Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.